

Ingibjörg Pálmadóttir



Sólbjört heimsókn í Múlakot

Ingibjörg er fædd á Hvolsvelli 1949. Hún er dóttir hjónanna Pálma Eyjólfssonar sýslufulltrúa og Margrétar Jónu Ísleifsdóttur tryggingafulltrúa. Ingibjörg var heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá 1995 til 2001.

Hér eru birtar minningar sem Ingibjörg sagði frá á ljósakvöldi Vinafélagsins 7. september 2019.

Múlakot á sér djúpar rætur í sælum bernskuminningum mínum. Þegar ég nú horfi til baka minnst ég þeirra mörgu ferða sem ég fór með foreldrum mínum og systkinum í sunnudagsbíltúr í Fljótshlíðina. Mér finnst að við höfum alltaf farið í sólskini, allavega var sól í sinni og vart var bíllinn farinn í gang þegar byrjað var að syngja.

Það var töluverður spotti í þá daga að keyra frá Hvolsvelli í Múlakot á þröngum malarvegi svo það var tími fyrir mörg sönglög. Mömmu fannst við hæfi eftir því sem innar dró í Hlíðinni að eitthvað væri sungið eftir Þorstein Erlingsson, enda áttum við líka erindi í Hlíðarendakot, en þar var Þorsteinn alinn upp.

Í Hlíðarendakoti bjó mikil heiðurskona, Guðríður Jónsdóttir, sem þá var orðin fullorðin. Hún lét sér samt ekki muna um að ala upp tvær móðurlausar dótturdætur sínar. Guðríður var kjarnakona og bjó rausnarbúi. Hún var ævivinkona Guðbjargar Þorleifsdóttur í Múlakoti þar sem Guðbjörg gerði garðinn frægan. Sagt er að enginn dagur hafi liðið án þess að þessar tvær vinkonur hefðu samband sín á milli. Ef útvarpið í Hlíðarendakoti var bilað sem oft vildi verða, var það venja að hringja frá Múlakoti strax eftir fréttir. Guðbjörg flutti vinkonu sinni útvarpsfréttirnar nærri orðrétt. Mamma sagði að unun hafi verið að hlusta á hversu vel hún las fréttirnar fyrir Guðríði.

En nú er ég sem sagt komin inn í Múlakot í huganum. Það sem fyrst vekur áhuga 6 ára barns er opinn vesturgluggi en þar fer fram sala á súkkulaði, sælgæti og vindlum, auk glóðvolgra gosdrykkja; sínalkó, spurkóla og maltöli. Við afgreiðsluna er Lillý, hún er ömmubarn Guðbjargar, dóttir Láru Eyjólfsdóttur og Ólafs Túbals. Lillý er skælbrosandi innan um góðgætið og suðandi flugurnar. Hún fagnar mömmu sérstaklega enda var mamma lærimeistari hennar í lestri og skrift.

Lillý sem reyndar bar hið fallega nafn Guðbjörg Lilja, átti við þroskaskerðingu að stríða eins og systkini hennar tvö; Fjóla og Reynir. Þau voru öll skírð eftir fögrum jurtum úr garði ömmu sinnar en garðurinn var einn fyrsti skruðgarður í sveit á Íslandi.

Næst liggur leiðin inn í veitingahúsið. Þar tekur á móti okkur Lára, lagleg og grannvaxin með þykkar og miklar fléttur. Hún var húsmóðirin og móðirin á heimilinu, og sú sem sá um að vel væri búið um þá sem komu til að gista. Hún tekur okkur fagnandi og í eldhúsinu bíður Nína, Jónína Böðvarsdóttir, sem hefur fylgt fjölskyldunni lengi og sér um alla potta og pönnur. Hún er lágvaxin, mjúk og ekkert nema elskusemin.

Sama hversu mikið var að gera, fólk að koma og fara og fólk komið til að vera, alltaf var pláss fyrir fleiri. Lára á þönum, lambasteik, lax og pönnsur. Eitthvað gott úr rabbarbara, rifsberjum og grænkáli.

Lára er engri lík, hún virðist geta gert marga hluti í senn, er svo ótrúlega kát í öllu þessu annríki.

Næst er kíkt út í málarahús til Ólafs Túbals, alltaf eitthvað nýtt á trönunum hjá honum. Eyjafjallajökull var honum hugleikinn, svona líkt og Húsafell hjá Ásgrími Jónssyni. Óli var mjög sérstakur maður, listamaður af Guðs náð og mikil tilfinningavera.

Ég er ekki viss um að hann hafi tekið mikinn þátt í öllu umstanginu á bænum - ég held að hugur hans hafi verið annars staðar.

Eftirminnilegast er og verður garðurinn hennar Guðbjargar. Í huganum finn ég ilminn af margvíslegum jurtum, bæði reyni, liljum og fjólum. Hún átti þennan garð og sinnti honum í öllum sínum frístundum. Hvar hún fékk fyrirmyndina veit ég ekki. Hápunkturinn var sumarhúsið hennar í útjaðri garðsins. Á gólfinu var hvít mól og í húsinu var stórt reyniviðartré sem virkaði eins og gardína fyrir glugganum sem sneri að veginum.

Ottóman sem var eins konar tvöfaldur dívan á miðju gólfi var rúm Guðbjargar. Hún svaf öll sumur í þessari sumarhöll sinni. Ég minnst hvítra sængurfata og sérstakrar blómaangan sem fyllti allt einhverjum töfrum. Guðbjörg naut þess að vakna við fuglasönginn, trúlega sólskríkjuna sem Þorsteinn Erlingsson skáld og fyrrum nágranni hennar saknaði svo mjög þegar hann var fjarri sinni heimabyggð. Sumarhúsið hennar Guðbjargar bjó yfir töfrum sem ekki er hægt að lýsa, bara finna og kalla fram í minningasjóðinn.

Mér er afar minnstætt þegar stytta af Þorsteini skáldi var afhjúpuð við fossinn Drífanda. Stytta var gerð af Nínu Sæmundsson sem fæddist í Nikulásarhúsum, bæ rétt austan við Hlíðarenda. Sá dagur var mikill hátíðisdagur í Múlakoti, engu var til sparað til að fagna hinum fagra Þorsteinslundi. Þar heyrði ég í fyrsta skipti lagið Sólskríkjuna sungna af einsöngvara. Ef ég man rétt þá var einsöngvarinn Sigurður Björnsson. Hann söng sig inn í hug og hjörtu viðstaddra. Ég var bergnumin, þó foreldrar mínir tækju oft lagið í gamla Opelnum, þá fann ég þarna fyrst hversu máttur söngsins er magnaður.

Mér þykir mjög vænt um mynd sem tekin var af mér við Austurbæinn í Múlakoti þennan dag. Já! Minningar mínar frá Múlakoti eru allar í eina átt, um gott og skapandi fólk sem tók ávallt á móti gestum og gangandi opnum örmum. Þar var æðrulaust fólk sem bar þungar byrðar án þess að bogna eða brotna. Þar voru frumkvöðlar á mörgum sviðum. Ég hef oft hugsað í seinni tíð hvað margt var gert á heimilinu til þess að koma þremur börnum áfram í lífinu sem öll þurftu svo mikla hjálp og öryggi.

Þær systurnar Lillý og Fjóla voru báðar músíkkalskar, gátu lært alla texta sem lag var til við. Lillý lærði svolítið að spila á gítar og Fjóla á harmonikku. Þeim var kennt heima allt það nauðsynlegasta og þær tóku þátt í daglegum störfum á heimilinu eins og þrek þeirra leyfði. Bróðirinn Reynir naut sín í búskapnum. Þau kunnu það í Múlakoti að vinna vel úr hlutunum, hvert á sinn hátt.

Ég er þakklát fyrir að hafa kynnst öllu þessu góða fólki sem nú er löngu farið. Þakklátust er ég fyrir að hafa fengið að njóta gestrisni og glaðværðar á þessum stað sem átti sér fáa sína líka á Íslandi.



Ingibjörg fimm ára í Múlakoti



Ingibjörg við minnisvarðann af Guðbjörgu

Ingibjörg er hér að lýsa sambandi Guðbjargar í Múlakoti og Guðríðar í Hlíðarendakoti. Þegar útvarpið í Hlíðarendakoti var bilað, endursagði Guðbjörg símleiðis fréttirnar nær orðrétt fyrir vinkonu sína